

Ed.

541. Tillaga til þingsályktunar

um rannsókn á atvinnuskilyrðum aldraðra sjómanna.

Flm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nú þegar þriggja manna nefnd, ólaunaða, eftir tilnefningu þingflokka, til að rannsaka atvinnuskilyrði aldraðra sjómanna og gera tillögur um framtíðarskipulag í því efni.

Greinargerð.

Íslenzka þjóðin hefir lifað af landbúnaði í nálega tíu aldir, en með tilkomu hraðvirkra atvinnutækja hafa myndast lífsskilyrði fyrir mikinn hluta íslensku þjóðarinnar til að lifa af á sjávarbakkanum við fiskveiðar. En atvinnan á sjónum er þó bundin þeim erfiðleikum hér á landi, að hún er eins og hernaður, þar sem menn eru ekki fullgildir til starfsins nema meðan þeir eru á léttasta skeiði. Við störf í sveitinni dregur eldra fólkið sig að visu smátt og smátt í hlé frá erfiðustu störfunum, eftir því sem orkan dvínar. En þar er ætíð nóg létt verkefni við hendina handa eldra fólkinu, og þau störf eru svo nátengd hinu daglega sveitalífi, að engin brotalöm verður í æfi sveitafólks, þó að yngri kynslóðin taki við ábyrgðinni og mesta erfiðinu af eldra fólkinu.

En þessu er allt öðruvísi varið með sjómennina á stóru vélbátunum, linubátunum, togurunum og millilandaskipunum. Við hin erfiðu störf eru sjómenn hlutgengir þar meðan þeir eru á léttasta skeiði. En þegar æfinni fer að halla, eru slitnu sjómennirnir látnir þoka úr sessi fyrir yngri og hraustari mönnum.

Og þá kemur hinn mikli vandi fyrir öldruðu sjómennina. Hvaða atvinnu eiga þeir að stunda eftir að þeir eru orðnir lítt færir til að sinna venjulegum framleiðslustörfum við sjómennsku? Fram að þessu hefir ekki verið litið á þennan vanda sjómannastéttarinnar frá almennu sjónarmiði. Ég minnst ekki að hafa nokkurntíma séð nokkuð ritað um þetta efni í hinum mörgu ritgerðum, sem skrifaðar eru og hafa verið ritaðar á undanförnum árum um kjör og lífsbaráttu íslenskra sjómanna. Því meiri ástæða er nú til að taka málið til gagnrýningar athugunar, þar sem hér á hlut að máli ein hin fjölmennasta og þýðingarmesta stétt landsins.

Skyldur þeirra Íslendinga, sem starfa í landi, við sjómannastéttina, eru ekki litlar. Starf fiskimannsins við strendur Íslands er álika hættulegt eins og meðalstyrjöld. Starfið er auk þess sérstaklega erfitt og mjög stopult. Sjómaðurinn er langdvölum burtu frá heimili sínu og vandamönnum. Ef atvinnan er í betra lagi, er sjómaðurinn að nokkru leyti eins og framandi maður í augum sinna eigin barna. Þau sjá hann koma í skyndi á heimilið og hverfa jafnfljótlega aftur. Vegna fjarverunnar er sjómaðurinn á þann hátt óhjákvæmilega sviptur miklu af þeirri ánægju, sem foreldrar njóta af samvistum við börn sín á uppeldisárunum. Ef litið er á daglega aðbúð sjómanna á hafinu, þá er hún vitanlega hvergi nærri góð. Í vélbátunum og minni gufuskipum er íbúð háseta og fiskimanna af eðlilegum ástæðum mjög þröng og óvistleg. En því miður má segja hið sama um flest hin stærri skip, nema varðskipið Ægi. Þar er íbúð sjómanna í sémilegu lagi, nema að baðherbergi, sem hásetarnir áttu að fá, er gagnslítið. Ég hefi oft undrast á hinum myndarlegu íslensku millilandaskipunum, hve íbúð hásetanna er frámunalega léleg, og ekki einu sinni hirt um að hafa snotra borðstofu þeirra vegna, sem hásetar gætu gert að einskonar heimili, lesið þar, hlustað á útvarp og hvílt sig eftir erfiði dagsins. En svo er að sjá, sem þessari hlið málsins hafi verið veitt lítil eftirtekt hingað til, en vonandi breytist þetta er ný skip verða byggð á næstu árum.

Fyrir nokkrum árum sagði erlendur maður við mig á þá leið, að sér þætti Reykjavík furðulegur bær. Hér væru um 30 þús. manns, sem lifðu að mestu af sjónum. En

fiskimennirnir væru ekki nema eitt þúsund. En frumvinna þessara manna myndaði þó undirstöðu allrar annarar atvinnu í bænum. Þessi athugasemd er nógu rétt og nógu tæmandi til að sanna þýðingu sjómannsstarfsins fyrir kaupstaði landsins og kauptún. Bændastéttin og sjómennirnir eru hlið við hlið í fremstu skotgröfum hinnar daglegu framleiðslubaráttu. En starf og erfiði sjómanna hefir ekki ætíð verið viðurkennt og metið svo sem vera her, og ætti að verða breyting í því efni, og það sem fyrst.

Það er höfuðáhugamál nálega allra sjómanna í öllum löndum, að geta þegar aldur færast yfir þá eignast eigið heimili í landi og starfað með sínum nánustu vanda mönnum. Ég hugsa mér, að það verði verkefni þeirrar nefndar, sem hér um ræðir, að mæta óskum sjómanna í þessu efni. Hér eru til þess mörg skilyrði. Landrými er nóg, hveraorka mikil ónotuð og fossafl. Jafnframt er nú af alefli unnið að því að framleiða ódýrt og hentugt byggingarefni í smáhýsi hér á landi, og vonir góðar um mikinn árangur. Á þessu og mörgu fleira mun væntanleg nefnd byggja tillögur sínar um ný heimili og heppilega atvinnu handa sjómönnum, sem hverfa í land frá hinni nauðsynlegu en hörðu atvinnubaráttu á hafinu.

Ef ekki verður unnt að ganga frá tillögu þessari á Alþingi nú í þetta sinn, mun ég snúa mér til flokksstjórna þeirra, sem hér eiga hlut að máli, og vænti, að þær muni þá velja menn í nefnd til að sinna þessu máli.